

38. fundur umhverfis, - skipulags- og byggingarnefndar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, miðvikudaginn 21. apríl 2010.

Mætt: Vífill Þorfinnsson, Sigurður J. Jónsson, Kristján Úlfarsson, Björgvin Axel Gunnarsson, Jóhanna Helgadóttir sem ritaði fundargerð á tölvu og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri. Áki H. Guðmundsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi voru í símasambandi.

Fundur hófst kl. 12:10.

Á dagskrá:

1. Umsókn um byggingarleyfi fyrir bílskúr að Fjarðarvegi 45, frá Sigurði Ragnari Kristinssyni.
Umræður sköpuðust um stærð bílskúrs, sem er 65^{m²} skv. framlagðri teikningu og telur nefndin bílskúrinn of stóran miðað við ákvæði byggingareglugerðar og hefða. Nefndin gerir athugasemdir við staðsetningu fyrirhugaðrar byggingar og vísar til staðsetningar og stærða annarra bílskúra við Fjarðarveg 37 - 49.

Jóhanna fór af fundi. Kl.12:40

2. Umsókn um beitoland.
Víkingur Jónsson sækir um beitoland ofan Ásgarðs, svæðið sunnan Þjóðveggar. Meðfylgjandi er mynd af umræddu svæði.
Sveitarstjóra falið að ganga frá 3 mánaða samningi við Víking Jónsson að afmörkuðum reit frá Þjóðvegi til suðurs að skurði.
3. Sorphirða í Langanesbyggð.
Sveitarstjóra falið að útbúa útboðsgögn vegna fyrirhugaðs útboðs á sorphirðu í sveitarfélaginu.
4. Önnur mál.
Ákveðið að endurskoða samninga um beitolönd og tún upp, í tengslum við vinnu aðalskipulagsgerðar.
Sveitarstjóra falið að endurskoða alla leigusamninga um tún og beitolönd.

Nefndin ítrekar við sveitarstjóra að haldið verði áfram að sinna umhverfismálum og tiltekt í sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:40